

Nr. 205

18. febrúar 2016

GJALDSKRÁ vegna mats á umhverfisáhrifum.

1. gr.

Skipulagsstofnun skal innheimta gjald af framkvæmdaraðilum vegna kostnaðar stofnunarinnar af málsmeðferð skv. 8.-11. gr. laga nr. 106/2000, sbr. 15.-27. gr. reglugerðar nr. 660/2015.

2. gr.

Gjaldið skal vera kr. 11.000 fyrir hverja unna klukkustund sérfræðings. Til viðbótar innheimtir Skipulagsstofnun útlagðan kostnað stofnunarinnar vegna málsins, s.s. ferðakostnað, auglýsingakostnað o.p.h. skv. viðurkenndum reglum þar sem það á við en annars samkvæmt framlögðum reikningum.

3. gr.

Eftir að álit um mat á umhverfisáhrifum liggur fyrir samkvæmt 26. gr. reglugerðar nr. 660/2015 skal Skipulagsstofnun innheimta heildarkostnað stofnunarinnar vegna umfjöllunar um málið af framkvæmdaraðilum. Upphæð skal taka mið af kostnaði við málsmeðferð Skipulagsstofnunar og má gjaldið ekki vera hærra en síðari kostnaður.

4. gr.

Eindagi gjalda samkvæmt gjaldskrá þessari er 30 dögum eftir útgáfu reiknings. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga hafi gjöld ekki verið greidd á eindaga. Heimilt er að innheimta kostnað sem hlýst af innheimtu gjalda séu þau ekki greidd á eindaga.

5. gr.

Gjaldskrá þessi, sem sett er skv. 2. mgr. 16. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000, öðlast gildi þegar í stað.

Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá nr. 353/1994 vegna mats á umhverfisáhrifum, með síðari breytingum.

Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, 18. febrúar 2016.

F. h. r.

Sigríður Auður Arnardóttir.

Stefán Guðmundsson.

B-deild – Útgáfud.: 7. mars 2016